

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 13

Dags. 20.11.2013

FUNDARGERÐ

Fundur í brunav.nefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar þann 20.nóvember kl. 17:00 í slökkvistöðinni á Kvíhólsmýri. Mætt voru: Arnór Benónýsson, Hólmgeir Hallgrímsson, Lárus Björnsson og Helga A. Erlingsdóttir. Bjarni Höskuldsson gat ekki mætt.

Arnór setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Farið yfir bókhaldið og lögð drög að tillögum að fjárhagsáætlun. Ljóst er að ekki kemur til framlags frá Landsvirkjun eða Vegagerðinni á yfirstandandi ári en gert var ráð fyrir tekjum þar upp á 4,5 millj.kr. Þetta hefur vissulega áhrif á útkomuna.

2. Nefndin ítrekar að gengið verði frá ráðningarsamningi við Lárus Björnsson, sem varaslökkviliðsstjóra, sbr. fundargerð frá 29.05.2013 og tekið verði tillit til ráðningarinnar við fjárhagsáætlun. Lárus vék af fundi við þessa umræðu.

Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 3.desember kl. 17:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.